



Bt. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Gunnarsholti 29. apríl 2021

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015-2026**

Landgræðslunni barst til umsagnar tillaga til þingsályktunar um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015-2021. Landgræðslan hefur kynnt sér tillöguna og byggir umsögn stofnunarinnar á lögum um landgræðslu nr. 155/2018, einkum er lýtur að því að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands.

Landgræðslan lýsir yfir ánægju með tillöguna sem í stórum dráttur styður við verksvið stofnunarinnar og er í samræmi nálgun hennar við helstu viðfangsefni, einkum er varðar loftslagsmál, viskerfavernd og sjálfbæra landnýtingu með lýðheilsu að markmiði.

Ábendingum var komið á framfæri við skipulagsstofnun á fyrri stigum og Landgræðslan gerir ekki athugasemdir við tillögu að þingsályktun um endurskoðaða landsskipulagsstefnu 2015-2026. Þá er stofnunin reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, vernd og endurheimt votlendis, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,  
f. h. Landgræðslunnar

Davíð Arnar Stefánsson,  
sérfræðingur